
ÁRSSKÝRSLA FÍLA 2017-2018



ÁRSSKÝRSLA FÍLA 2017-2018

lögð fram á 40. aðalfundi Félags íslenskra landslagsarkitekta

Þriðjudaginn 17. Apríl 2018

Hannesarholt – 101 Reykjavík

Efnisyfirlit

1. Félagið og verkaskipting.....	4
2. Stjórnarfundir FÍLA.....	8
3. Félagsfundir FÍLA.....	8
4. Norrænir fundir.....	9
5. IFLA World Congress 2015 – Montreal Kanada.....	9
6. Stefnumótunarfundur og Fulltrúaráð FÍLA.....	10
7. Félagsmenn og nýliðun.....	10
8. Innra félagsstarf.....	11
9. Samkeppnisreglur FÍLA og samkeppnismál.....	11
10. Kynningarmál.....	11
11. Samskiptamál.....	12
12. Hönnunarmál og verðlaun.....	13
13. Viðburðir.....	13
14. Afmælisár.....	15
15. Framtíðarsýn og næstu verkefni.....	15
16. Innra starf félagsins.....	16
17. Viðaukar:.....	17
I. DAGSSKRÁRNEFNDAR FÍLA.....	18
II. LAGANEFND FÍLA.....	18
III. SAMKEPPNISNEFNDAR FÍLA.....	19
IV. MENNTANEFNDAR FÍLA.....	19
V. IFLA FULLTRÚI FÍLA.....	19
VI. FULLTRÚI FÍLA Í Hönnunarmiðstöð Íslands.....	22

VII.	GARÐSÖUGHÓPUR FÍLA.....	24
VIII.	ORÐANEFND FÍLA.....	26
IX.	SIÐANEFND FÍLA.....	27
X.	40 ÁRA AFMÆLISNEFND FÍLA	27
XI.	STEFNUMÓTUNARFUNDUR 2017	28
XII.	HEIÐURSFÉLAGI FÍLA 2018	36

Stjórn FÍLA

Fríða Björg Eðvarðsdóttir , formaður

Lilja Kristín Ólafsdóttir, ritari

Guðrún Birna Sigmarsdóttir gjaldkeri

Þórhildur Þórhallsdóttir, meðstjórnandi

Svava Þorleifsdóttir, meðstjórnandi

1. Félagið og verkaskipting

Aðalfundur er æðsta vald í öllum málefnum félagsins.

A. Skipan stjórnar

Stjórn og verkaskipting

Stjórn 2017-2018:

Fríða Björg Eðvarðsdóttir formaður

Lilja Kristín Ólafsdóttir, ritari

Guðrún Birna Sigmarsdóttir, gjaldkeri

Svava Þorleifsdóttir, meðstjórnandi og fulltrúi FÍLA í Hönnarmiðstöð

Þórhildur Þórhallsdóttir, meðstjórnandi og IFLA-fulltrúi

B. Fastanefndir – hlutverk, markmið og skipan starfsárið 2017-2018

Kallað var eftir skýrslum nefnda og eru þær sem bárust í viðauka aftast í skýrslu stjórnar.

Dagskrárnefnd:

Skipuleggja og sjá um faglegt innra starf félagsins. Setja upp dagskrá fyrir starfsárið og útvega gestafyrirlesara inn á félagsfundi ofl. tengt þeim.

Nefndina skipa:

Ólafur Gylfi Gylfason

Heiðar Smári Harðarsson

Gunnar Óli Guðjónsson

Samkeppnisnefnd:

Annast tengslamál innan félagsins og utan og kynnir stöðu þess og störf landslagsarkitekta. Samkeppninefnd fer með umboð félagsins í samkeppnum á vegum þess.

Nefndina skipa:

Hlín Sverrisdóttir, formaður

Inga Rut Gylfadóttir

Ólafur Melsted

Laganefnd:

Fjallar um breytingar á lögum FÍLA auk þess að fjalla um lagaleg erindi sem berast FÍLA og varðar lög og reglugerðir frá Alþingi og stofnunum samfélagsins.

Nefndina skipa:

Svanhildur Gunnlaugsdóttir, formaður.

Arnar Birgir Ólafsson

Ingvar Ívarsson

Menntanefnd:

Nefndin fer með menntamál landslagsarkitektastéttarinnar, umsjón með inntöku nýrra félaga í FÍLA. Heldur tengsl við helstu menntastofnanir sem mennta landslagsarkitekta.

Nefndina skipa:

Sigurbjörg Ósk Áskelsdóttir

Ragnar Frank

Elízabet Guðný Tomasdóttir

C. Nefndir um afmörkuð málefni.

Siðanefnd:

Fer með siðferðileg álitamál sem upp koma. Sker úr um ágreining samkvæmt ákvæðum siðareglna félagsins.

Nefndina skipa:

Þórólfur Jónsson

Erla Bryndís Kristjánsdóttir

Guðmundur Rafn Sigurðsson

Áslaug Traustadóttir

Orðanefnd:

Safnar og setur í orðabanka fagorð á sviði landslagsarkitektúrs, er tengiliður FÍLA við Íslenska málstöð og Orðabók Háskólans.

Nefndina skipa:

Auður Sveinsdóttir, formaður

Yngvi Þór Loftsson

Áslaug Trausadóttir

Skoðendur reikninga FÍLA:

Samkvæmt lögum félagsins.

Skoðendur starfsárið 2017-2018:

Finnur Kristinsson

Þórólfur Jónsson

D. Vinnuhópar / verkefnastjórnun:

HönnunarMars 2018

Ekki var skipaður verkefnisstjóri FÍLA fyrir HönnunarMars 2018 þar sem FÍLA var ekki með sérstaka dagskrá þetta árið. Skipaður var þó vinnuhópur, þar sem hugmynd var uppi að Fíla og Aí myndu vinna saman að dagskrárlið. Hópin skipuðu þau:

Anders Terp

Britta Magdalena Ágústsdóttir

Gunnar Óli Guðjónsson

Marta María Jónsdóttir

Xland.is

Umsjón og uppfærsla á sérstakri heimasíðu í eigu FÍLA sem kynnir verkefni félagsmanna.

Vinnuhópurinn starfsárið 2017-2018:

Heiða Aðalsteinsdóttir

Svava Þorleifsdóttir

Netumsjón og heimasíðan

Ritari FÍLA hefur undanfarið ár séð um heimasíðu og netumsjón. Í ár bættust við aðilar úr afmælisnend sem hafa verið dugleg að setja inn afmælikveðjur og fleira skemmtilegt.

Evrópski landslagssáttmálinn (ELC)

Tengiliður félagsins við stjórnvöld og opinberar stofnanir vegna kynningar á sáttmálanum.

Fulltrúar starfsárið 2017-2018:

Einar E. Sæmundsson

Auður Sveinsdóttir

Garðsöguhópur.

Vinnur að því að skapa grundvöll til rannsókna á sögu garðsins á Íslandi, heimildasöfnun og leit að fjármunum til að rita hana. Hefur samskipti við Minjastofnun varðandi varðveislu og friðun garða samkvæmt lögum um minjavernd.

Fulltrúar starfsárið 2017-2018:

Einar E. Sæmundsen

Samson B. Harðarson

Ásta Camilla Gylfadóttir

Þórhildur Þórhallsdóttir

Auður Sveinsdóttir

Arnar Birgir Ólafsson

Fulltrúar í ritstjórnnum.

Fulltrúi í faghópi sem styður við ritstjórn HA – tímarit um hönnun og arkitektúr

Fulltrúar starfsárið 2017-2018:

Svava Þorleifsdóttir

Fulltrúi FÍLA í ritstjórn danska tímaritsins Landskab

Fulltrúar starfsárið 2017-2018:

Ulla R. Pedersen

E. Fulltrúar í FÍLA í stjórnnum utan félags

IFLA - Fulltrúi

FÍLA hefur frá upphafi tekið þátt í alþjóðlegu samstarfi landslagsarkitektafélaganna, þ.e. IFLA Europe og IFLA International. IFLA-fulltrúi FÍLA er Þórhildur Þórhallsdóttir og er hún tengiliður félagsins við IFLA og IFLA Europe. Situr samkvæmt lögum félagsins einnig sem meðstjórnandi í stjórn FÍLA.

Fulltrúi FÍLA í Hönnunarmiðstöðinni

Hönnunarmiðstöð Íslands var sett á laggirnar 15. janúar 2008. Hönnunarmiðstöð er sameiginlega í eigu hönnunarfélaganna á landinu. Mikil gróska hefur verið í starfsseminni frá stofnun þess. Fulltrúi FÍLA er Svava Þorleifsdóttir sem hefur séð um tengsl félagsins við Hönnunarmiðstöðina og situr jafnframt sem gjaldkeri í stjórn FÍLA.

Sveinsprófsnefnd í skráðgarðyrkju við starfsmenntunarábraut LBHÍ

Hefur umsjón með undirbúningi og fyrirkomurlagi sveinsprófa.

Fulltrúi starfsárið 2017-2018:

Elísabet Guðný Tómasdóttir

Óeigingjörn félagsstörf

Hafa verður í huga að „flest sem er gert skiptir litlu máli, en er samt afar mikilvægt að gert sé“ þetta á við um óeigingjörn verkefni leyst af hendi með félagsstarfi FÍLA.

2. Stjórnarfundir FÍLA

Haldnir voru samtals fjórtán stjórnarfundir á starfsárinu (10 árið 2017 og 4 2018). Þetta er álíkamargir stjórnarfundir og haldnir voru á árunum áður -með því að kíkja á ársskýrslur má sjá að árið 2014 hafi fundir verið flestir þ.e. 17 fundir, 2015. Stjórnarfundir eru því haldnir að meðaltali einusinni í mánði til að halda á lofti málefnum og dagskárliðum félagsins. Sem vinnureglu er reynt að taka gott fundarfrí yfir sumartímann og safna kröftum fyrir vetrarstarfið.

3. Félagsfundir FÍLA

Stjórn hefur stefnt að auka þann þátt í félagsstarfinu að bjóða til almennra félagsfunda með fræðslu og umræðu.

- **26. ágúst 2017.** Eitt af fyrstu verkefnum stjórnar var að efna til stefnumótunarfundar sem var haldinn í Þöll, húsi skógræktarinnar í Hafnarfirði. Þar gafst félagsmönnum kost á að ræða málefni félagsins. Stjórnin fékk Harald Hjaltason í Artemis til að leiða umræðu. Haraldur þekkir til félagsins og starfa landslagsarkitekta, hann og Inga Rut leiddu stefnumótunarmæðu árið 2013 á Hótel Reykjavík. Hann fór aðra leið að þessu sinni. Það var hópurinn sem ákváð hvaða umræðuefni væri þörf á að ræða, listinn var langur en eftir umræður og atkvæðagreiðslur var endað með átta umræðuefni sem skipt var niður á fjóra hópa. Í lokinn var almenn

umræða um hvert málefni. Hver hópur bar ábyrgð á að taka saman umræðuna og niðurstöður. Það voru 12 Fílar mættir og við náðum góðum fundi og gagnlegri samantekt. Heslu niðurstöður eru sem viðauki við ársskýrslu.

- **6. Desember 2017.** Dagskrárnefnd stóð fyrir jólafundi. Pizza og pubquis á Kokonest út á Granda. Mættir voru 10 Fílar. Eftir nokkrar lotur var ljóst að pubquizmeistarar þetta árið væru Þórhildur og Britta Magdalena.
- **30. Janúar 2018.** Almennur félagsfundur haldinn í húsakynnum VSÓ Ráðgjafar og Sigríður Embla Heiðmarsdóttir umhverfisfræðingur fjallaði um notkun fjölæringa á grænu svæðunum hjá sveitarfélögum. Þórólfur Jónsson kynnti Norræna ráðstefnu SAMGUS sem haldinn verður dagaa 15-17. ágúst í Hörpu Reykjavík. Ása Aradóttir vistfræðingur kynnti ráðstefnu SER– sem haldinn verður í Reykjavík í byrjun september um uppgræðslu á tímum loftslagsbreytinga þar sem landslagsarkitektum er boðin þátttaka og óskað eftir landslagsarkitektum með í workshop. Sif Pálsdóttir kynnti viðburði afmælisársins og fjárhagsáætlun. Fjárhagsáætlun afmælisársins var samþykkt af fundarmönnum. Mættir voru 9 Fílar.
- **24. Febrúar 2018.** Dagskrárnefnd bauð í samstarfi við afmælisnefnd til árshátíðar og 40 ára afmælis FÍLA. Árshátíðin var haldin á veitingastaðnum Bergsson Mathús og fordrykkur og listskoðun í Marshall húsinu. Góð skemmtun og um 70 manns.

Aðrir viðburðir af frumkvæði dagskrárnefndar er Kíktu á kollega- eða einn á stofunni. Landslag bauð félagsmönnum í nóvember. Og hefur Landmótun einnig boðið til kallað til koellga – eða einn á stofunni nú í maí.

- Hönnunarmars- með allskonar viðburðum m.a. Hönnunarspjalli á milli tveggja landslagsarkitekta Leena Cho frá Bandaríkjunum og Þráins Haukssonar í sendiráði Bandaríkjanna á Laufásvegi.

Sjá nánar skýrslu dagskrárnefndar.

4. *Norræniir fundir*

Formlegur stjórnarfundur norrænu félaganna var haldinn dagana 29. - 30. ágúst í Tampere Finnlandi. Formaður og IFLA fulltrúi tóku þátt fyrir hönd FÍLA.

Næsti norræni stjórnarfundur verður haldinn hér í Reykjavík 2. - 3. nóvember og gert ráð fyrir að FÍLA hafi margvíslega dagskrá í tengslum við fundinn s.s. skoðunarferð með leiðsögn FÍLA-félaga og að í lok norræna fundarins verði hugsanlega útgáfuhóf á afmælisritinu.

5. *IFLA World Congress 2015 – Montreal Kanada.*

Stærsti viðburður hjá Alþjóðasamtökunum okkar IFLA var haldinn í byrjun nóvember í Montreal Kanada. Hermann Georg sótti þann fundi sem fulltrúi í stjórn IFLA.

Næstu heimsfundir í er Noregi árið 2019- þannig að það þarf að skoða að velja í undirbúningshóp og gera ráð fyrir hópfærð félagsins til Osló í september 2019.

Fundur í stjórn IFLA Europe er síðan fyrirhugaður hér á landi árið 2020. Það er því tímabært að hefja undirbúning á því.

6. Stefnumótunarfundur og Fulltrúaráð FÍLA

Í stað þess að kalla saman fulltrúaráð FÍLA var boðað til stefnumótandi fundar 25. ágúst 2017 í Þöll, eins og áður sagði. Í lögum félagsins er skilgreindur fulltrúaráðsfundur og þar segir:

“Formenn nefnda skipa fulltrúaráð FÍLA sem hittist einu sinni á ári með stjórn til þess að samræma starfsemi FÍLA. Nefndirnar skulu starfa samkvæmt starfsreglum sem stjórn FÍLA ákveður í samráði við viðkomandi nefnd. Starfsreglur skulu staðfestar á félagsfundi.”

Það var því engin eiginlegur fulltrúaráðsfundur þetta árið en full þörf á að skoða það að virkja betur starf nefndanna. Stefnumótunarfundurinn var flottur og gagnlegur fundur til að móta stefnu og leggja línurnar innan félagsins og í samskiptum út á við. Stjórnin hefur unnið áfram með niðurstöður og skilgreint verkefni til úrlausnar.

Sjá viðhengi Stefnumótunarfundur FÍLA 2018

7. Félagsmenn og nýliðun

Félagsmenn í FÍLA við lok starfsársins 2017-2018 eru samtals 99 (100 á síðasta starfsári, 97 (2013-2014) og 82 (2012-2013). Ein úrsögn var úr félaginu.

Fjöldi fullgildra félagsmanna án undanþága er 72 (þ.e. þeir sem greiða C og D-gjald teljast ekki með í þeirri tölu og telst vera opinber fjöldi félagsmanna FÍLA innan IFLA). Neðargreindar upplýsingar hér í töflunni fyrir árið 2016 miðast við 16. mars 2016.

Klippa inn nýtt úr ársreikningi

Skipting:	2018	2017	2016	2015	
• A-gjald er fullt félagsgjald	68	69	67	67	félagsmenn
• B-gjald er 80% af fullu félagsgjaldi og um það geta sótt félagar sem eru búsettir í lengra en 100 km fjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu.	4	4	4	2	félagsmenn
• C-gjald er 50% af fullu félagsgjaldi. Um það geta sótt: <ul style="list-style-type: none"> - félagar sem eru búsettir erlendis. - nýir félagar fyrstu tvö árin eftir útskrift. - félagar sem vegna sérstakra aðstæðna, sem stjórn telur gildar, hafa þörf fyrir lækkun árgjalds. 	14	12	15	12	félagsmenn
D-gjald er 20% af fullu félagsgjaldi og er fyrir námsmenn.	14	12	13	13	félagsmenn
• Heiðursfélagar og félagar 65 ára og eldri , er hafa verið a.m.k. 10 ár í félaginu, eru undanþegnir félagsgjaldi.	4	3	3	2	félagsmenn

Nýir fullgildir félagsmenn: Enginn aðili sótti um inngöngu í félagið á síðastliðnu starfsári

8. Innra félagsstarf

Félagsfundir-

Stefnumótunarfundurinn

Jólafundur 7. Des

Opinn félagsfundur 30. Jan- þar s em samþykkt var og afgreidd var kostnaðaráætlun afmælisárs.

Fíla fréttir – samskipti við félagsmenn. Útgáfa FÍLA fréttu og virk facebókarsíða. Jólakort

Samskipti með tölvupósti- er það að skila sér.

Afmælisbarn dagsins- lifandi heimasíða

Þetta er landslagsarkitektúr-

9. Samkeppnisreglur FÍLA og samkeppnismál

Engar samkeppnir voru í gangi á starfsárinu eftir samkeppnisreglum FÍLA.

Samkeppnisnefnd sendi kynningarpóst til allra skipulags-og byggingarnefnda á landinu og er það von stjórnar að leitað verði eftir samstarfi við félagið um fleiri samkeppnir. Sjá nánar skýrslu samkeppnisnefndar.

Segja má að samkeppnisnefnd hafi brugðist snöggt við þegar tilkynnt var um samkeppni í landi Vífilstaðalands. Í byrjun júní var skipað í nefnd eftir samkeppnisreglum AÍ, AÍ skipaði tvo fulltúa úr sínu félagi og Garðabær valdi þrjá fulltrúa þar af einn arkitekt. Hlín formaður samkeppnisnefndar óskaði eftir fundi með samkeppnisnefnd AÍ og framkvæmdastjóra auk formanna félaganna þar sem lýst var óánægju. Samkeppnisnefnd FÍLA í samvinnu við stjórn sendi í kjölfarið bréf til formanns skipulagsnefnar Garðabæjar, bæjarstjóra og trúanrðarmanns dómnefndar þar sem fagsvið landslagsarkitektta var kynnt og því beint til Garðabæjar að kalla landslagsarkitekt að gerð keppnislýsingar og til að leggja mat á tillögur. Atburðarrás verður ekki rakin hér en óskað var eftir því við stjórn FÍLA að valin yrði einn fulltrúi í dómnefnd. Dagný Bjarnadóttir tók að sér hlutverkið.

Hönnunarmiðstöð óskaði eftir tilnefninigu í samkeppni vegna umhverfislistaverk við Þeistareykjavirkjun og var að þeirra ósk send nokkur nöfn þannig að möguleiki væri á að setja saman dómnefnd með réttu kynja-og aldursbreidd.

Stjórn í samstarfi við samkeppnisnefnd tilnefndi Hermann Georg sem fulltrúa FÍLA í samkeppni um stjórnarráðsreitinn.

10. Kynningarmál

- **Heimasíða FÍLA**

Heimsíðan er lykill að upplýsingum um hvað félagið hefur að bjóða bæði almennum notanda og félagsmönnum. Ritari Fíla hefur séð um að koma fréttum og málefnum þar inn. Hægt væri að nýta síðuna ein

frekar og auka upplýsingaflæði til félagsmanna. Afmælisnefnd á heiður af nýju hlutverki síðunnar um afmælisbarn dagsins. Heimasíða er eitt af þessum verkefnum að það er sama hversu gott það er- verkefni er alltaf hægt að bæta. Heimasíðan þyrfti að miðla upplýsinga til félagsmanna og jafnframt að vera góður upplýsingarmiðill til að kynna fagið útávið. Það koma fram skoðanir að inn á hana mætti bæta auglýsingum þannig að hún verði sjálfbær.

- **Fílafréttir**

Stjórn hefur sent félagsmönnum nokkur fréttabréf á starfsárinu undir yfirskriftinni FÍLAFRÉTTIR. Fréttabréfin eru skýrskotun til útgáfu Fílafrétta sem dattu inn um bréfalúguna hjá félagsmönnum með fréttir af dagskrá og viðburðum. Nú er það tölvupósturinn sem sér um dreifingu og innihaldið það sama.

Dagskrárnefnd og afmælisnefnd í samstarfi við stjórn ákváðu að senda öllum félagsmönnum jólakort með yfirliti yfir dagskrá afmælisárs

- **Ritnefndafulltrúar FÍLA og nýtt tímarit um hönnun og arkitektúr HA**

HA er sent félagsmönnum FÍLA. Á árinu 2017 voru gefin út 2 tölublöð og fyrsta tölublað 2018 er á leiðinni og áætluð útgáfa í maí. Svava Þorleifsdóttir er fulltrúi FÍLA í ritsjórn HA! og ætlar Þórhildur Þórhallsdóttir að taka tímabundið við meðan Svava er í fæðingarorlofi. Afhverju erum við enn aðilar að HA! og að fá það sent heim? Fyrirverandi stjórn sagði upp samstarfi um HA við Hönnunarmiðstöðina og vildi hætta aðkomu og kaupum á blaðinu. En eftir marga fundi með stjórn Hönnunarmiðstöðvar og formönnum allra aðildafélaganna var niðurstaða að eitt félag getur ekki sagt upp einstaka verkefnum. En í ljós kom að FÍLA er ekki eitt á þeirri skoðun að tímaritið HA! mætti breyta og gera aðgengilegra fyrir lesendur. Umræða um framtíð HA! tengist því líka að rekstur var alveg í jánnum. Aðildafélög gerðu því nýjan samning við Hönnunarmiðstöð um HA! og er samþykkt að fara í breytta útgáfu og vinna hvert tímarit sjálfstætt, starfsmönnum blaðsins var sagt upp, dregið er úr kostnaði, auka auglýsingar og fl. Aðildafélög taka síðan stöðuna og ákvörðun um áframhald eftir hverja útgáfu.

Framtíðarsýn er að HA verði gefið út, tvítýngt og nái útbreiðslu til að halda umræðu um hönnun og arkitektúr lifandi. Það er þannig stefnt að útgáfu tveggja tölublaða á þessu ári og von okkar að aðkoma landslagsarkitektúrs verði sýnilegri.

- **Ritnefnd Landskab**

Sjá nánar skýrslu fulltrúa FÍLA í ritstjórn Landskab

11. Samskiptamál

- **Samskipti AÍ og FÍLA**

Seinastliðið haust hittust fulltrúar úr stjórnnum félaganna. En ekki hefur verið nein nefnd starfandi á árinu um sameiningu félaganna og niðurstaða að ekki væri ástæða til að hafa slíka nefnd starfandi. Best væri að stjórnir félaganna hittist á sameiginlegum stjórnarfundum og vinni að sameiginlegum hagsmunamálum.

Það er vilji hjá báðum stjórnnum að hlúa að samstarfi, byggja upp sameiginlega fagumræðu m.a. með því að halda sameiginlega viðburði. Vinna að faglegri samstöðu m.a með vali á dómnefndarfulltrúum. Það er sameiginlegt verkefni að styrkja arkitekta-og landslagsarkitektaumræðuna innan Hönnunarmiðstöðvar.

Unnið var í samvinnu við Aí vegna HönnunarMars, einnig erum við í samstarf við Aí um fyrirlestraröðina „hvernig viljum við hann framtíðina, Samtal um hið byggða umhverfi“.

- **Samvinna LBH og FÍLA**

Dagskrárnefnd og stjórn hafa verið í samvinnu við umhverfisbrautina á Hvanneyri um komu Louis Fiil Hansen hjá SLA í Björvika í Noregi. Hún heldur fyrirlestur og workshop í Norræna húsinu þ. 4. maí.

- **Alþingi og umsagnir**

Stjórn FÍLA fékk tvö frumvarp til umfjöllunar sem send voru til Laganefndar til umfjöllunar. FÍLA fékk til umsagnar drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 160/2010 um mannvirki. Skilaði félagið inn athugasemd og nýtti jafnframt tækifæri til að vekja athygli á að það sé brýnt að skoða hvernig beri að leggja fram hönnunargögn vegna mannvirkjagerðar og mótun lóðar og útisvæða. Félagið vakti athygli á að umhverfis- og auðlindaráðuneytið þurfi að skerpi á þeim þáttum sem snúa að mótun og byggingu lóðar. Er þetta í samræmi við erindi til ráðuneytis sem send voru árið 2014.

Atvinnuveganefnd Alþingis sendi til umsagnar tillögu til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku, 179. mál. Ekki var skilað inn athugasemdum þar sem laganefnd og stjórn skilgreindu að ekki væri um hagsmuni eða snertifleti við FÍLA að ræða.

Ein athugasemd barst stjórn um breytingu á lögum félagsins. Tillaga laganefndar verður kynnt til afgreiðslu á fundinum.

12. Hönnunarmál og verðlaun

- **Hönnunarmiðstöð Íslands**

Hún er kynningar- og upplýsingamiðstöð fyrir íslenska hönnun á Íslandi og erlendis. Svava Þorleifsdóttir er fulltrúi FÍLA í stjórn miðstöðvarinnar. Sjá nánar skýrslu fulltrúa FÍLA í Hönnunarmiðstöð.

Hönnunarsjóður Íslands

Hönnunarsjóður Íslands hefur verið starfandi frá 2013 og hefur að markmiði að efla þekkingu á sviði hönnunar og arkitektúrs. Yfir sjóðnum er fimm manna stjórn og við getum verið stolt því þar er Práinn Hauksson í stjórn. Engin úthlutun til félagsmanna á þessu starfsári en sjóðurinn hefur yfir að ráð 50 milljónum á þessu ári.

- **Hönnunarverðlaun Íslands**

Það var Marshall-húsið og Bláa Lónið sem fengu Hönnunarverðlaunin 2017.

13. Viðburðir

- Skipulagsstofnun hélt skipulagsþing 15. september með dagskrá sem tók mið af tveimur viðfangsefnum Landsskipulagsstefnu; skipulagi miðhálandis og skipulagi borga og bæja. Dagskrá sem höfðaði vel til okkar landslagsarkitekta.
- Í október 2017 lauk sýningu og fyrirlestraröð sem Norræna húsið stóð fyrir með litlu málþingi – Grænar og mannvænlegar borgir, fyrir FÍLA var fengur að fá heimsókn af Reinart Stange, hjá Dronninga Landskap, en Reinart er líka prófessor á Landbúnaðarháskólanum að Ási.

- Nú í upphafi HönnunarMars steig Þraínn Hauksson út fyrir sinn þægindaramma og settist í stól í Bandaríska sendiráðinu og fór í einskona spurt og svarað leik. DesignDiplomacy, viðmælandi Þraíns var ameríski landslagsarkitektinn Leena Cho en hún er hluti Arctic Design Group og einnig kennari við school of architecture í University of Virginia.
- Landslag tók þátt í HönnunarMars- og sýndi valin verk og bauð á opin erindi um lýðheilsu og borgarumhverfi með áherslu á landslagsarkitektúr á teiknistofu sinni við Skólavörðustíg.
- Í fyrirlestraröð AÍ og FÍLA í samstarfi við Reykjavíkurborg um þróun og mótun borgarinnar. Til hvers skipulag? Hafa Þórhildur Þórhallsdóttir frá Landmótun tekið þátt og á fundi um útisvístarsvæði sem haldinn var í janúar var Áslaug Traustadóttir landslagsarkitekt.

14. Afmælisár

Smykkt var á síðasta aðfundum að gera 40 ára afmælisárinu hátt undir höfði og vera virk og sýnileg. Skipuð var nefnd sem heldur utan um afmælisárið. Uppi hafa verið þó nokkrar hugmyndir og hafa félagsmenn notið nokkuð af því eins og t.d. afmælisveðja inn á heimasíðu, árshátíð á afmælisdaginn sem tókst alveg frábærlega, Slkemmtilegt verkefni að nýta apríl sem er alþjóðlegum mánuði landslagsarkitektúrs,



Smellið á myndina hér að neðan og prentið út skjalið í A4. Takið mynd af áhugaverðum landslagsarkitektúr og deilið á instagram undir #fila40 - Gerum þetta líka út árið.

Einnig er starfandi ritnefnd sem er að gera afmælisrit sem áætlað er að komi út í byrjun nóv. Þetta á að sýna það helsta sem við félagar erum búin að vera að gera síðustu árin í faginu og einnig sem kynningarrit fyrir okkur útávið, til fyrirtækja, stofnana og almennings.

Norræni stjórnarfundurinn er haldin hérna í byrjun nóvember og hugað er að gera viðburð tengdan því

15. Framtíðarsýn og næstu verkefni

Nú þegar við förum inn í fertugasta starfsár FÍLA eru verkefni ótal mörg. Það er mikilvægt að sinna innra starfi félagsins og að vinna að framgangi og kynningu fagsins útávið.

Það er kannski viðeigandi í félagi sem segja má að búið sé að slíta barnsskónum sé verið að huga að því að friða það sem gamalt er. Minjastofnun Íslands leitaði til FÍLA árið 2014 í formi minnisblað um friðlýsingu sögulegra garða og garðminja. Þar var óskað eftir samstarfi við garðsöguhóp FÍLA um að skilgreina merka garða sem falla eða fallið gætu undir ákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2013. Þetta verkefni er enn í vinnslu.

Garðsöguhópurinn fékk árið 2016 styrk úr Friðlýsingarsjóði Minjastofnunar til þess að vinna rannsóknarverkefnið „AÐ VARÐVEITA GARÐ“ . Hópurinn hefur unnið að gagnaöflun í löndum i kringum okkur. Á málstofu 26.apríl n.k. um “gamla garða – lifandi minjar“ mun hópurinn kynna drög að greinargerð um tillögur að aðgerðum og atriðum sem þarf að hafa í huga við verndaráætlanir gamalla garða.

Kynntar verða tillögur að friðlýsingu nokkurra íslenskra garða.

Seinastliðið haust þegar við héldum stefnumótunarfundinn var eitt markmið að fá yfirlit yfir þau verkefni sem þarf að vinna að innan félagsins. Samantekt starfshópanna nýtist vel í stjórnarstarfinu.

Næstu skref nýrrar stjórnar er að halda áfram kröftugri dagskrá á afmælisári.

Á yfirstandandi ári hefur mest reynt á starf afmælisnefndar og dagskránefndar. Tenging félagsins við Hönnunarmiðstöð er mikilvæg og margir fundir til að halda gangandi verkefnum við HA! og Hönnunarmiðstöðina. Það er aðildarfélögin sem eru eigendur Hönnunarmiðstöðvar. Félagsmenn þurfa að nýta vettanginn og geta tekið virkan þátt í verkefnum og umræðu. Styrkur hjá FÍLA er að stjórnarmeðlimur FÍLA í stjórn Hönnunarmiðstöðvar situr líka í stjórn FÍLA og því eru boðleiðir skýrar.

- **Landbúnaðarháskóli Íslands.**

Það þarf að verða viðfangsefni nýrrar stjórnar að stuðla að því að Landbúnaðarháskólinn endurnýji umsókn sína um að fá umhverfisskipulagsbrautina viðurkenda af IFLA Europe sem BS-nám í landslagsarkitektúr. Þetta er verkefni sem var í vinnslu fyrir nokkrum árum. Það er mikilvægt að Landbúnaðarháskólinn hefji að nýju umsóknarferli um alþjóðlega viðurkenningu til IFLA Europe, þannig að BS-nám í umhverfisskipulagi verði viðurkennt grunnnám í landslagsarkitektúr.

Það þarf að huga að innra skipulagi og vistun gagna til að tryggja að við mannaskipti innan félagsins, þurfi ekki að finna upp hjólið í hvert skipti. Einnig þarf að vinna skýrari stafsreglur fyrir stjórn og nefndir FÍLA.

Á afmælisárinu er ætlunin að vinna að útgáfu á árbók FÍLA sem verður veglega myndskreytt og á að geta farið víða félaginu til sóma.

16. Innra starf félagsins

Rætt var um hvernig hægt væri að bæta innra starf FÍLA, hvernig er hægt að virkja félagsmenn. Nýir félagar eru of passívir. Félagið er að upplifa kynjahalla, sérstaklega er varðar sjálfböðastarf.

- „Af hverju er maður í FÍLA?“
- Gott að tilheyra hópi
- Af því maður er landslagsarkitekt
- Aðrir félagsmenn eru bakhjarlar og gott getur verið að fá samtali við aðra fagmenn
- Afsláttur á viðburði?
- Taka þátt í samkeppnum? Ætti það að vera skilyrði að vera í félaginu til að taka þátt?
- Nýir félagsmenn – gefa þeim tækifæri á að kynna (loka)verkefni sín. Slíkt var stundum gert hér áður þar sem þeim bauðst að kynna verkefni sín á félagsfundum, en hefur ekki verið gert undanfarin ár, líklega ekki síðan 2011.
- Bréf til nýrra félagsmanna með upplýsingum um hvað félagið er að gera fyrir fagið, hvað hefur áunnist á 40 árum. Einnig grunnupplýsingar eins og kostnaður, félagsfundir, lög og siðareglur, aðalfundur, uppbygging stjórnar o.s.frv. Einnig upplýsingar um Hönnunarmiðstöðina og HA.
- Fagráð – t.d. fyrir Ferðamálastofu og Umhverfisstofnun
- Fleiri faghópar – líkt og Garðsöguhópur. Gæti verið t.d. í málefnum ferðamannastaða og aðgengi fyrir allar.

Siðareglur – rætt um að þær verða enn mikilvægari eftir því sem félagið verður stærra og tengsl félagsmanna minnkar innbyrðis. Minna þarf á siðareglurnar.

17. Viðaukar:

Skýrslur nefnda og vinnuhópa:

- I. Dagskrárnefnd
- II. Laganefnd
- III. Samkeppnisnefnd
- IV. Menntanefnd
- V. IFLA-fulltrúi
- VI. Fulltrúi FÍLA í Hönnunarmiðstöð
- VII. Orðanefnd
- VIII. Ritnefndarfulltrúar FÍLA
- IX. Garðsöguhópur FÍLA
- X. Siðanefnd
- XI. 40 ára afmælisnefnd
- XII. Stefnumótunarfundur

I. DAGSSKRÁRNEFNDAR FÍLA

Skýrsla fyrir starfsárið 2017-2018

Dagsskrárnefnd FÍLA veturinn 2017 – 2018 er skipuð þeim Gunnar Óli Guðjónsson, Ólafur Gylfi Gylfason og Heiðar Smári Harðarson.

6. Desember 2017.

Dagskrárnefnd stóð fyrir jólafundi. Pizza og pubquis á Kokonest út á Granda. Mættir voru 10 Fílar. Eftir nokkrar lotur var ljóst að pubquizmeistarar þetta árið væru Þórhildur og Britta Magdalena.

30. Janúar 2018.

Almennur félagsfundur haldinn í húsakynnum VSÓ Ráðgjafar og Sigríður Embla Heiðmarsdóttir umhverfisfræðingur fjallaði um notkun fjölæringa á grænu svæðunum hjá sveitarfélögum. Þórólfur Jónsson kynnti Norræna ráðstefnu SAMGUS sem haldinn verður dagaa 15-17. ágúst í Hörpu Reykjavík. Ása Aradóttir vistfræðingur kynnti ráðstefnu SER– sem haldinn verður í Reykjavík í byrjun september um uppgræðslu á tímum loftslagsbreytinga þar sem landslagsarkitektum er boðin þátttaka og óskað eftir landslagsarkitektum með í workshop. Sif Pálsdóttir kynnti viðburði afmælisársins og fjárhagsáætlun. Fjárhagsáætlun afmælisársins var samþykkt af fundarmönnum. Mættir voru 9 Fílar.

24. Febrúar 2018.

Dagskrárnefnd bauð í samstarfi við afmælisnefnd til árshátíðar og 40 ára afmælis FÍLA. Árshátíðin var haldin á veitingastaðnum Bergsson Mathús og fordrykkur og listskoðun í Marshall húsinu. Góð skemmtun og um 70 manns.

Aðrir viðburðir af frumkvæði dagskrárnefndar er Kíktu á kollega- eða einn á stofunni. Landslag bauð félagsmönnum í nóvember. Og hefur Landmótun einnig boðið til kallað til koellga – eða einn á stofunni nú í maí.

II. LAGANEFND FÍLA

Skýrsla fyrir starfsárið 2017-2018

Hlutverk nefndarinnar er að fjalla um breytingar á lögum FÍLA auk þess að fjalla um lagaleg erindi sem berast FÍLA og varða lög og reglugerðir frá Alþingi og öðrum stofnunum samfélagsins. Starfsárið 2017-2018 skipuðu nefndina Svanhildur Gunnlaugsdóttir, Arnar Birgir Ólafsson og Ingvar Ívarsson formaður.

Nefndinni barst eitt lagafrumvarp til umagnar á starfsárinu en fór þar að auki yfir eina þingsályktunartillögu Einnig fóir nefndin yfir lög félagssons varðandi namsmannaðild og gerði tillögu að breytingu á þeim sem leggja á fyrir aðalfund 2018.

- Í júlí 2017 barst nefndinni erindi um að fara yfir tillögu að breytingu á lögum um mannviki nr. 160/2010 með síðari breytingum. Markmið breytingartillögunnar er að lækka byggingarkostnað og einfalda stjórnslu. Stjórn og laganend FÍLA gerðu athugasemdir við að félagið hafi ekki verið upplýst um að unnið væri að endurskoðun umræddra laga og hve einindið barst seint inn til félagsins þar sem lítill tími gafst til skoðunar vegna sumarfría. FÍLA harmaði að ekki hafi verið haft samband við félagði vegna malsins og áréttaði að þörf væri á að yfirfara og skerpa á þeim þáttum sem snúa að mótun og byggingu lóða og lýsti sig tilbúið til samstafs og samvinnu til að þessum þáttum verði tryggð staða í laga- og stjórnsluverkinu. Að öðru leyti var ekki gerð athugasemd við breytinguna en félagið telur markmið tillögunnar að lækka byggingarkostnað og einfalda stjórnslu jákvæða.
- Í febrúar 2018 var lögð fram þingsárlyktunartillaga um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku. Nefndin gerði ekki athugasemdir við þingsályktunartillöguna.
- Laganefnd vann í mars 2018 tillögu að breytingu á lögum félagsins sem tekin verður fyrir á næskomandi aðalfundi félagsins. Breytingin snýr að 4. Gr. Laganna um mámsmannaaðild en lagt er til að hámarkstími námsmannaaðildar verði 7 ár frá upphafi náms en að hægt verði að óska eftir lengri námsmannaaðild með skriflegri beiðni og rökstuðningi.

Akureyri 3. Apríl 2018, fyrir hönd laganefndar

Ingvar Ívarsson, formaður laganefndar FÍLA

III. SAMKEPPNISNEFNDAR FÍLA

Skýrsla fyrir starfsárið 2017-2018

Í stjórn samkeppnisnefndar eru Hlín Sverrisdóttir, Ólafur Melsted og Inga Rut Gylfadóttir. Eftir síðasta aðalfund var ákveðið að Hlín tæki við af Ingu Rut sem formaður nefndarinnar.

Engar samkeppnir voru haldnar á síðasliðnu stafsári.

IV. MENNTANEFNDAR FÍLA

Skýrsla fyrir starfsárið 2017-2018

Menntanefnd FÍLA veturinn 2016-2017 var skipuð Sigurbjörgu Ósk Áskelsdóttur formanni, Elízabet Guðný Tomasdóttir og Ragnari Frank Kristjánssyni.

Enginn fundur var haldinn á síðaslinu stafsári.

V. IFLA FULLTRÚÍ FÍLA

Skýrsla fyrir starfsárið 2017-2018

Aðalfundur IFLA Europe var haldinn 2.-4. júní í Búkarest í Rúmeníu. Haldin var eins dags ráðstefna með þemað: Unlimited landscapes. IFLA fulltrúi FÍLA, Þórhildur Þórhallsdóttir sótti fundinn, ásamt Hermann Georg Gunnlaugssyni sem gegnir embætti Vice President of Professional practice og situr í stjórn IFLA Europe.

Aðalfundurinn stóð yfir í tvo daga, laugardag og sunnudag að venju. Undanfarin ár hefur það orðið að hefð að löndin séu með Pecha Kucha fyrirlestur sem spinnst út frá ákveðnu þema og nú fóru þeir fyrirlestar fram á föstudagskvöldinu í höll Ceausecu með veitingum sem öll löndin komu með á hlaðborð. Kvöldið var vel heppnað og markaði fína byrjun á vel skipulögðum fundi Rúmenanna. Með þessu móti er auðveldara að kynnast fulltrúum frá hinum löndunum sem er mikilvægt atriði í samvinnunni.

Annars stendur Evrópuhluti félagsins vel, bæði fjárhagslega og faglega. Áhersla er lögð á að kynna og styrkja fagið á breiðum grunni, bæði hjá þeim sem starfa við fagið en einnig við menntastofnanir. Félagið leggur mikla áherslu á að styrkja Evrópska landslagssáttmálann og vera með í ýmsum verkefnum hjá Evrópuráðinu. Ýmsir vinnuhópar er í gangi og félagsmenn FÍLA meira en velkomnir til að taka þátt í því starfi. Verið er að vinna að heimasíðu þar sem hægt verður að skoða landslagsarkitektúr í Evrópu. Yrði þessi síða á vegum IFLA Europe og skýrist á þessu ári hvernig skráningu og umfangi verður háttað. Þar verður hægt að setja inn bestu verkefni í hverju landi, en Austur-Evrópulöndin hafa lengi fundist þau verða út undan þegar kemur að því að velja verkefni, t.d. í vali á verkefnum í LAE.

PQD: Verkefnið miðar að því að fá fagið samþykkt hjá Evrópusambandinu. Því miðar hægt áfram því Evrópusambandið gerir kröfu um að starfsheitið sé lögverndað eða ákveðnar reglur og eftirlit með faginu af hálfu yfirvalda séu í minnst 1/3 af þeim löndum sem tilheyra sambandinu. Slíkt er aðeins hjá 6 Evrópusambandslöndum, en sambandið krefst þess að fagið sé lögverndað í minnst 10 löndum. Það er því nokkuð í að sá árangur náist og miðast starf IFLA Europe í að fá lagið lögverndað í fleiri löndum áður en haldið verður áfram.

Kynnt var breytt aðild þýskra landslagsarkitekta að IFLA. Hingað til hafa þeir verið aðilar að IFLA í gegnum BDLA sem er fagfélag. Landslagsarkitektar í Þýskalandi eru langflestir í félagi BAK og þar sem skv. reglum IFLA getur bara eitt félag í hverju landi verið aðila að alþjóðasamtökunum, þá sóttu Þjóðverjar um að skipta og að BAK yrði frekar aðila að IFLA. BAK, eða Federal Chamber of German Architects, er með mun fleiri félaga og mjög öflug samtök með skrifstofu í Brussel og tengingar inn í Evrópusamstarfið á þeim vettvangi. Kosið var um þessar breytingar og flestir samþykktu þær. BDLA verður áfram með aukaðild án atkvæðisréttar.

Kosið var um hvar ætti að halda Evrópufund IFLA Europe 2020. Eins og samþykkt var á aðalfundi FÍLA 2017, þá sótti FÍLA um að fá að halda fundinn og einnig sótti Ísrael um. Eftir kynningar frá báðum löndum var kosið og varð Ísland fyrir valinu. Því er ljóst að á haustdögum 2020 mun FÍLA taka á móti um 70 landslagsarkitektum frá um 30 löndum Evrópu.

Í lok fundarins var samþykkt ályktun eins og undanfarin ár. Efni ályktarinnar að þessu sinn var Unlimited landscape og er ályktun sett með sem viðhengi. Einnig má lesa ályktunina inni á heimasíðu IFLA Europe sem og eldri ályktanir.

Næsti aðalfundur IFLA Europe verður haldinn í Greenwich í London 8.-9.september og á undan verður ráðstefna með heitið: Inspiring great places. Gæti orði kjörið tækifæri til að leggja land undir fót.

Félagsmenn eru hvattir til að skoða heimasíður IFLA og undir síðu IFLA Europe en þar eru settar reglulegar fréttir um hvað er að gerast í samtökunum, upplýsingar um alþjóðlegar ráðstefnur, hvers kyns viðburði og samkeppnir: <http://iflaonline.org/> og <http://iflaeurope.eu>

Aðalstyrktaraðili IFLA Europe er sem fyrr Van der Berk og var þeim þakkað sérstaklega. Einnig er komin nýr styrktaraðili, Hunter og unnið er að því að fá fleiri styrktaraðila fyrir félagið.

Aðildarlönd að IFLA Europe eru 34.

Mínum á The Landscape Architecture Europe Foundation (LAE) sem IFLA Europe styrkir árlega. Meginmarkmiðið er að gefa út bækur um Evrópskan landslagsarkitektúr. Nánar má lesa um verkefnið og panta bækur á heimsíðunni: <https://www.landscapearchitectureeurope.com/>

Næstu fundir verða:

Aðalfundur IFLA Europe:

2018 –England, 8.-9. september

2019 – Tyrkland

2020 - Ísland

IFLA World Congress

2018 – Singapúr

2019 - Noregur





Myndir frá aðalfundi: Efst til vinstri má sjá höll Nicolae Ceausescu sem gnæfir yfir allri miðborg Búkarest. Þar fór fram Pecha Kucha fyrirlestrakvöld með erindi frá flestum þjóðunum. Efst til hægri má sjá fundargesti skoða sýningu sem Félag landslagarktieкта í Rúmeníu hélt í göngugötu í miðbænum af tilefni Evrópufundarins.

Á neðri myndum má sjá fundarsalinn og fundargesti djúpt niðursokkna í lestur skjala.

IFLA fulltrúi FÍLA

Pórhildur Þórhallsdóttir

VI. FULLTRÚI FÍLA Í Hönnunarmiðstöð Íslands

Skýrsla fyrir starfsárið 2017-2018

Hönnunarmiðstöð Íslands er kynningar- og upplýsingamiðstöð fyrir íslenska hönnun á Íslandi og erlendis. Meginhlutverk Hönnunarmiðstöðvar er að efla skilning þjóðarinnar á mikilvægi hönnunar fyrir samfélagið og íslenskt efnahagslíf og benda á þá miklu verðmætasköpun sem getur falist í íslenski hönnun fyrir þjóðfélagið allt. Hönnunarmiðstöð stuðlar að framgangi Íslenskra hönnuða erlendis, enda eru þar stór tækifæri fyrir íslenska hönnun og framleiðsluvörur.

Hönnunarmiðstöðin heldur utan um Hönnunarmars, HA – tímaritið, Hönnunarsjóðinn og Hönnunarverðlaun Íslands auk þess sér hún um fagráðstefnu tengda Hönnunarverðlaununum og SmallTalks fyrirlestrarröðina.

Árið 2017 var tíunda starfsár Hönnunarmiðstöðvar Íslands. Rekstur Hönnunarmiðstöðvar er í stöðugri endurskoðun og áhersla er lögð á að félögin geta tekið virkari hlutdeild í uppbyggingu Hönnunarmiðstöðvarinnar.

Nýr samningur

Hönnunarmiðstöðin hefur útbúið nýjan samning til undirritunar fyrir félögin sem eiga miðstöðina. Markmið samningsins er að efla Hönnunarmiðstöð sem sameiginlegan vettvang hönnuða og arkitekta á Íslandi sem vinnur að framgangi og vexti greinanna í atvinnulífi, samfélagi og menningu. Einnig skal nýji samningurinn styðja við og efla samtal á milli greina hönnunar og arkitektúr við stjórnvöld og fyrirtæki. Mikilvægt er fyrir miðstöðina að klára samning við hönnunarfélögin til að styrkja baklandið sem einfaldar samningagerð við stjórnvöld í framtíðinni.

Lagt er til að samningur félaga hönnuða og arkitekta við Hönnunarmiðstöð Íslands um framlag til uppbyggingar og reksturs miðstöðvarinnar fari fram 20. apríl kl. 12:00 í Hönnunarmiðstöð Íslands Aðalstræti 2.

Heimasíða Hönnunarmiðstöðvar

Vinna við að þróa nýjan vef Hönnunarmiðstöðvar og félaganna hófst í lok mars. Hvert félag mun eiga eigin gátt, upplýsingar og fréttir frá miðstöðinni birtast á öllum vefjum eftir samkomulagi auk þess sem þar verður aðgengilegur gagnagrunnur fyrir hönnuði og arkitekta.

HA – tímarit

Ritstjórnarstefna HA er að gefa út öflugt fagtímarit sem miðar að því að efla almennan áhuga og þekkingu á hönnun og arkitektúr með megináherslu á hönnunarsamfélagið á Íslandi.

Eftir útgáfu blaðs númer 6 af HA þá var farið í að endurskoða rekstur blaðsins. Vinnslan var erfið og blaðið févanna. Finna þurfti jafnvægi milli vinnslu efnis og kostnaðar og brúa það bil. Ákveðið var að fara í aðgerðir til þess að styrkja rekstur blaðsins. Aðgerðirnar fólust meðal annars í því að fjölga áskrifendum, auka auglýsingasölu, dreifa blaðinu erlendis, endurskoða efnistökin og efla markaðsstarf.

Aðgerðaráætlunin tókst vel til, viðsnúningur varð á rekstri blaðsins og því ákveðið af stjórn Hönnunarmiðstöðvar að halda áfram útgáfu blaðsins. Framkvæmdastjóri og ritstjóri þurfa að gera skýra fjárhagsáætlun fyrir hvert blað fyrir ritstjóra/ritstjórn til að vinna samkvæmt.

María Kristín Jónsdóttir tók við af Arnari Fells sem ritstjóri HA haustið 2017.

Hönnunarverðlaun Íslands

Hönnunarverðlaun Íslands 2017 voru veitt við hátíðlega athöfn í Iðnó 9.nóvember. Handhafar Hönnunarverðlauna Íslands 2017 eru Ásmundur Hrafn Sturluson og Steinþór Kári Kárason arkitektar Kurt og pí, fyrir Marshall-húsið. Þeir leiddu hönnun verksins í samstarfi við Ask arkitekta. Verkið kristallar velheppnaða umbreytingu eldra iðnaðarhúsnæðis fyrir nýtt hlutverk í samtímanum.

Bláa lónið hlaut viðurkenningu fyrir bestu fjárfestingu í hönnun 2017.

Yfir hundrað tilnefningar bárust til Hönnunarverðlauna Íslands. Dómnefndin tilnefndi fimm sigurstrangleg verk sem voru ásamt Marshall-húsinu:

Reitir workshop – tools for collaboration. Reitir workshop er alþjóðlegt samstarfsverkefni þeirra Ara marteinssonar hönnuðar og Arnars Ómarssonar myndlistamanns, sem stóðu fyrir þverfaglegum vinnusmiðjum í Alþýðuhúsinu á Siglufirði 2012-2016.

Einkenni listahátíðarinnar Cycle. Listahátíðin cycle er skapandi vettvangur fyrir samtal tilraunakenndrar samtímatónlistar og myndlistar. Döðlur hönnuðu merki og heildarásýnd hátíðarinnar.

Orlofshús BHM í Brekkuskógi. Í kjölfar samkeppni um hönnun orlofshúsa Bandalags háskólamanna í Brekkuskógi í Bláskógabyggð voru tvö þeirra byggð eftir hönnun PKDM árið 2015. Húsin einkennast af ríkri

efniskennnd með umlykjandi landslagsmótun, hlöðnum veggjum, kolaðri timburklæðningu og grasi grónu þaki.

Saxhóll. Gígurinn Saxhóll er vinsæll ferðamannastaður í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli. Í gegnum tíðina hafði myndast slóði sem með auknum ágangi ferðamanna var kominn að þolmörkum. Landslag ehf. fékk það verkefni að hanna varanlegan stíg sem takmarkaði umgang ferðamanna við ákveðiði svæði.

Sama dag og verðlaunin voru afhent var efnt til málþings um hönnun í ferðapjónustu undir heitinu „Gætum við gert þetta svona“. Sjö örfyrirlestrar voru fluttir og að þeim loknum voru panelumræður. Um kvöldið var svo slegið upp í ball með hljómsveitinni Babies í lðnó sem var fyrsta skrefið í að halda sameiginlega árhátíð fagfélaganna.

Hönnunarsjóður

Hönnunarsjóður heyrir undir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið og er tekjustofn hans árlegt framlag sem Alþingi ákveður á fjárlögum. Framlag til sjóðsins árið 2017 voru 50 milljónir króna og fer Hönnunarmiðstöð Íslands ehf. með umsýslu sjóðsins.

HönnunarMars 2018.

Stefnumótunarfundur fyrir HönnunarMars 2018-2023 var haldinn 10.maí 2017. Á fundinum voru framtíðarsýn og markmið HönnunarMarsins rædd. Niðurstaðan var meðal annars að HönnunarMarsinn eigi að vera kynningarhátíð íslenskra hönnuða og arkitekta á Íslandi haldinn í mars í Reykjavík. Á HönnunarMars er alþjóðlegur vettvangur framsækinn lausna og nýunga sem framúrskarandi íslenskir hönnuðir og arkitektar sækjast eftir að taka þátt í. Á HönnunarMars er að finna gagnlega dagskrá með áhrifamiklum verkefnum sem höfða til ólíkra hópa.

HönnunarMars fór fram í tíunda sinn dagana 15.-18. mars 2018. Opnun HönnunarMarsins var haldin 15.mars í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsinu við hátíðlega afmælisathöfn. Á HönnunarMarsinum var hönnun kynnt sem atvinnugrein sem byggir á traustum grunni og gegnir veigamiklu hlutverki í samtímanum. Á meðal viðburða ár hvert eru sýningar, fyrirlestrara, uppákomur og innsetningar.

Á tíunda ári HönnunarMars fagnaði DesignTalks mætti hönnunar og möguleikum hennar til að hafa áhrif. Horft var til framtíðar og á næstu kynslóð hönnuða og hlutverk hönnunar í síbreytilegum heimi skoðað. Fyrirlestrarnir fjölluðu um áskoranir samtímans, allt frá húsnæðismálum, orkunýtingu og náttúrubreytingum á norðurslóðum yfir í sjálfbærni og gagnvirkar lausnir.

Engin sýning var á vegum FÍLA fyrir 2018 en félagsmenn og teiknistofur tóku þátt á eigin vegum.

VII. GARÐSÖUGHÓPUR FÍLA

Skýrsla fyrir starfsárið 2017-2018

Starf hópsins veturinn 2017-18 hefur verið öflugt. Þessi ársskýrslan spannar tímamill milli aðalfunda í mars 2017 - 1.mars 2018. Fundir hjá hópnum hafa verið haldnir reglulega á þessu tímabili alls milli 10-12 fundir. Fundirnir hafa síðast liðið ár snúist að langmestur um verkefni okkar um verndarviðmið vegna friðlýsingu gamalla garða

Um styrkinn

Endurtekin úr skýring frá síðustu skýrslu um styrkinn ú Friðlýsingarsóði. 2016 barst okkur staðfesting á styrknum ekki fyrr en í ágúst, svo við fórum frekar hægt af stað, en lokaskil áttu að vera fyrir í lok árs 2016. Okkur var fljótt ljóst að það gat ekki gengið upp og var sótt um framlengingu á vinnutíma hópsins til að skila afsér lokaskýrslu. Fyrst áttu lokaskil að vera 1.júlí 2017. Nú í apríl 2018 verða í lokaskil á vinnu okkar er við leggjum fram drög að greinargerð.

Þessi seinkunn hefur verið með samþykki og í fullu samstarfi við Minjastofnunar sem hefur fengið að vita hver staða vinnunnar hefur verið á hverjum tíman

Skýrsla hópsins

Skýrsla sú sem lítur senn dagsins ljós er í nokkrum köflum. Þar sem aðeins er vika í að hún komi út og haldin verður kynningarfundur, verður aðeins lýst efnisyfirliti.

Formáli

1. Kafli - Lagarammi fyrir friðun lifandi minja.
2. Kafli - Að vernda lifandi minjar
3. Kafli - Menningarsögulegir garðar í nágrannalöndum
4. Kafli - Greining og skráningar gamalla garða
5. Kafli - Tillaga að skráningarblaði
6. Kafli - Tillaga að lista um garða sem ber að friða.
7. Kafli - Samantekt- niðurstaða
8. Kafli - Lokaorð

Orðtakalisti

Heimildaskrá

Myndaskrá

Málstofan – kynning á starfi garðsöguhópi FÍLA

Nú þegar greinargerðin kemur út verður efnt til málstofu sem verður í Norræna húsinu 26.apríl nk. Með málstofu er vinna hópsins opnuð og er von hópsins að ný sjónarhorn og ábendingar komi inn á vinnu hópsins. Að lokinni málstofu stefnum við að ljúka greinargerðinni og gefa hana formlega út. Við reiknum með því að á málstofunni komi fram ýmsar nytsamlegar ábendingar og athugasemdir. Það verður vonandi tækifæri til þess að vinna það inn í þau drög sem fyrir liggja,

Tillaga Minjastofnunar og FÍLA að fríðlýsingu 10 gamalla garða

1. SKRIÐA Í HÖRGÁRDAL
2. HÓLAVALLAGARÐUR Í REYKJAVÍK
3. ALPINGISGARÐURINN / 1893-1895.
4. SKRÚÐUR Á NÚPI Í DÝRAFIRÐI / 1909

5. LYSTIGARÐUR AKUREYRAR / ELSTI HLUTINN / 1912
6. HELLISGERÐI Í HAFNARFIRÐI / 1922
7. SKALLAGRÍMSGARÐURINN
8. HALLARGARÐURINN V. FRÍKIRKJUVEG / 1954
9. GRAFREITUR Í GUFUNESI / 1970.
10. LÓÐ ÞJÓÐARBÓKHLÖÐUNNAR

Að lokum

Það hefur komið í ljós í þessari vinnu að nóg er að verkefnum sem taka mætti fyrir og skoða. Nú stendur garðsöguhópurinn á vissum tímamótum. Stórt verkefni sem er mikilvægt innlegg í framtíðar vinnu við friðlýsingar gamalla garða er að ljúka.

Fyrirsjáanleg eru ýmis framhalds verkefni s.s.að þróa og rannsaka bestur leiðum til að endurgera gamla garða bæði hugmyndafræði sem og framkvæmd og verktækni.

Vonandi verður opin málstofa hópsins upphafa að nýjum áskorunum fyrir áhugasama félaga
ees

VIII. ORÐANEFND FÍLA

Skýrsla fyrir starfsárið 2017-2018

Orðanefnd Fíla skipa þau Auður Sveinsdóttir, Áslaug Traustadóttir og Yngvi Þór Loftsson.

Á aðalfundi Fíla í fyrra (2016) var greint frá könnun sem gerð var meðal félagsmanna. Niðurstöður hennar sýndu að notkun á orðabankanum var mjög takmörkuð.

Segja má að sú vitneskja hafi dregið talsvert úr bæði krafti og áhuga nefndarinnar á þessu ári.

Rætt var hvernig hægt væri að halda áfram starfi nefndarinnar því það er sannfæring okkar nefndarmanna að full ástæða sé til og ekki vanþörf á að vinna í orðabanka fyrir okkar fag, landslagsarkitektúr.

Spurningin er samt sem áður hvernig best er að standa að þeirri vinnu og teljum við að rétt sé að það verði tekið til umræðu meðal félagsmanna.

Til greina kemur að hvetja félagsmenn til að senda okkur í nefndinni orð/ hugtök sem þeir nota ástæða er til að öðlist íslenskt heiti – sem við reynum síðan að vinna úr og birta .

Allar tillögur um framhaldslif orðanefndar eru því vel þegnar!



Fh. Orðanefndar

Auður Sveinsdóttir formaður


IX. SIÐANEFND FÍLA

Skýrsla fyrir starfsárið 2017-2018

Engin mál komu til umfjöllunar hjá siðanefnd á starfsárinu.



X. 40 ÁRA AFMÆLISNEFND FÍLA



Nefndin var skipuð vorið 2017 og tók strax til starfa við undirbúning og skipulagningu komandi afmælisárs.

Nefndina skipa: Þórólfur Jónsson, Þuríður Ragna Stefánsdóttir, Jóhann Sindri Pétursson, Jón Rafnar Benjamínsson ásamt Sif Hjaltdal Pálsdóttur sem skipaður var formaður. Dagskránefnd FÍLA hefur starfað með afmælisnefndinni. Auk þess er Lilja Kristín Ólafsdóttir fengin í sérverkefni við útgáfu afmælisrits.



Fyrsta verk afmælisnefndar var að senda póst á félagsmenn (sent í júní 2017). Voru félagsmenn upplýstir um komandi afmælisár í þeim pósti ásamt því að afmælisnefndin óskaði eftir að félagsmenn yrðu duglegir að nýta sumarið til að mynda verk sín.

Afmælislogo var útbúið út frá upphaflega logoi þeirra Einars E. Sæmundsen og Áslaugar Traustadóttur.

Árshátíð FÍLA á stofndegri félagsins 28. febrúar – dagskránefndi sá að mestu um undirbúning árshátíðarinnar. Afmælisnefnd útbjó heiðurspening fyrir stofnfélagana þrjá sem voru afhentir á árshátíðinni.

Þetta er landslagsarkitektúr

Þar sem að apríl er alþjóðlegur mánuður landslagsarkitektúrs útbjó afmælisnefndin skilti sem félagsmenn geta fundið á heimasíðu félagsins, prentað og klippt út. Því næst taka félagsmenn myndir af verkum sínum og/eða annarra landslagsarkitekta eða einhverju tengt landslagsarkitektúr og nota skiltið til að merkja myndina.

Myndina er síðan hægt að setja á facebooksíðu félagsins og/eða instagram með hashtag (kassamerkt/myllumerkt) #fila40 og eins má nota önnur hashtag svo sem #filaland, #landslagsarkitektúr, #WLAM2018 (sem þýðir World Landscape Architecture Month og er þá meira alþjóðlegt hashtag) og enn fleiri hashtag eftir því hvað verkið sýnir.

Afmælisbörn dagsins hjá FÍLA

Í tilefni afmælisins langaði okkur að fá að kynna félagsmönnum örlítið betur. Við útbjuggum einn laufléttan spurningapakka fyrir félagsmenn sem birtast, ásamt mynd af viðkomandi, á heimasíðu FÍLA (og facebook) á afmælisdegi þeirra sem velja að taka þátt.

Afmælisblað / árstímarit

Afmælisnefndin útbjó sérstaka ritnefnd fyrir útgáfu afmælistímaritsins sem gefa á út í nóvember. Þetta blað svipar til útlits þess sem norsku landslagsarkitektarnir gefa út og sýna meðal annars verk teiknistofa, félagsmanna og kynningar á útskriftarverkum nemenda. Eins og fram kom leggur afmælisnefndin áherslu á að félagsmenn verði sérstaklega duglegir að mynda verkin sín þannig að hægt verði að kynna þau í komandi blaði.

Afmælisárið er rétt byrjað og mun nefndi vinna út árið og koma að fleirum viðburðum.

XI. STEFNUMÓTUNARFUNDUR 2017

Hópur 1 – Þórhildur Þórhallsdóttir

Hópurinn fékk tvö efni til umfjöllunar, HA BLAÐIÐ OG INNRA STARF

HA BLAÐIÐ

AÐALEFNI: FÍLA finnst sinn málstaður ekki ná inn í blaðið. Við borgum 1800 kr fyrir hvert blað. Hlutverk Hönnunarmiðstöðvar er að kynna íslenska hönnun út á við

SAGAN: Blaðið hefur komið út síðan 2015, tvö tölublöð á ári. Við útgáfu fyrstu tölublaðanna gekk erfiðlega að fá umfjöllun um landslagsarkitektúr m.a. með þeim rökum að efnið höfðaði ekki til erlendra lesenda. Þegar 3. tölublað kom út og ekki var minnst á landslagsarkitektúr í blaðinu þá skrifar Berglind Guðmundsdóttir þáverandi formaður bréf til Hönnunarmiðstöðvar og segir skylduáskrift félagsmanna FÍLA að blaðinu upp. Þetta var rætt og ákveðið á stjórnarfundum FÍLA. Það kom svar frá Hönnunarmiðstöðinni um að uppsagnafresturinn væri 6 mánuðir og því yrði FÍLA að vera með í 4. Tölublaði, en talað var um að það yrði haldinn stefnumótafundur um blaðið en það gerðist aldrei. Síðan kom 5. tölublað og reikningur fyrir því.



FORMANNAFUNDIR UM BLAÐIÐ:

Haldnir voru tveir fundir um blaðið í ágúst 2017 í Hönnunarmiðstöðinni og allir 9 formenn aðildarfélaganna komu til að ræða blaðið. Hin félögin voru ósáttir við FÍLA, finnst ekki í lagi að einn aðili geti sagt sig frá verkefni Hönnunarmiðstöðvar. Kemur í ljós að það eru fleiri óánægjuraddir, t.d. hjá AÍ. Á þessum fundi var spurt út í fjármál blaðsins en Hönnunarmiðstöð hefur alltaf sagt fjárhaginn „Almennt gengið vel“ og svo á formannafundinum var spurt: Hvað þýðir það? Á næsta formannafundi um blaðið kemur í ljós að næsta tölublað, nr. 6, stefnir í 2,5 miljóna króna tap og þá verður heildartap HA orðið 9,0 m króna! – nú segja félögin: Stopp, þetta gengur ekki. Á síðasta tölublaði (nr. 5) var mínus 4,9 m kr. munur í tekjum og launakostnaði.

Þrjár tillögur eru nú ræddar:

1. Hætta útgáfu blaðsins eða gera pásu
2. Gefa út 1 blað á ári (minni kostnaður)
3. (?)

Neyðaráætlun er sett í gang og rætt um að breyta ritstjórn, fá nýjan aðila inn í ritstjórn, „know how“ manneskju úr útgáfubransanum. Ekki er vilji hjá félögunum að auka á fjárveitingar. Vilja frekar skrúfa niður væntingar.

Aðgerðir gætu t.d. verið að:

- Minnka formatið
- Mikið af auglýsingum en samt er blaði í þessum mínus
- Kostar 500.000 kr að þýða eitt blað – af hverju tvítýngi? Þarf að þýða allar greinar, hvað með údrátt?
- 9 félög, 900 félagsmenn
- Markmið blaðsins ekki á hreinu
- 250 eintök í Eymundsson

FÍLA UMRÆÐUR STEFNUMÓTUNARFUNDAR:

- Við viljum að ritstjórn sé samsett úr fólki frá öllum félögum, ekki lítilli ritstjórn sem ræður og hlustar ekki á fagráðið sem er skipað fulltrúum allra félaganna.
- Minnka blaðið – umfangið
- Virkja A –ið betur
- Ritstjóravaldið er of mikið eins og t.d. kom vel í ljós í grein Svövu um ferðamannastaði þar sem ritstjórinn blandaði sér ítrekað inn í efnistökin. Spurning vaknaði um hæfi ritstjórans þegar hlutleysi í efnistöfum virtist ekki vera til staðar.
- Viljum ekki taka þátt í tímariti sem stendur ekki undir sér.
- Hlutverk ritstjóra skal endurskoða og réttur höfunda virtur

Styrkur hjá FÍLA er að stjórnarmeðlimur FÍLA í stjórn Hönnunarmiðstöðvar situr líka í stjórn FÍLA og því eru boðleiðir skýrar.

INNRA STARF

Rætt var um hvernig hægt væri að bæta innra starf FÍLA, hvernig er hægt að virkja félagsmenn. Nýir félagar eru of passívir. Félagið er að upplifa kynjahalla, sérstaklega er varðar sjálfboðastarf.

- „Kíkt á kollega“ yrði viðburður í anda „Einn á stofunni“ sem Alí hefur verið að halda. Gott væri að byrja slíkt strax í haus sem upptakt að afmælisári
- Dagskrá vetrarins – gott væri að festa dagsetningar betur fram í tímann
- Dagatal – saga félagsins

Af hverju er maður í FÍLA?

- Gott að tilheyra hópi
- Af því maður er landslagsarkitekt
- Aðrir félagsmenn eru bakhjarlar og gott getur verið að fá samtal við aðra fagmenn
- Afsláttur á viðburði?
- Taka þátt í samkeppnum? Ætti það að vera skilyrði að vera í félaginu til að taka þátt?

Nýir félagsmenn – gefa þeim tækifæri á að kynna (loka)verkefni sín. Slíkt var stundum gert hér áður þar sem þeim bauðst að kynna verkefni sín á félagsfundum, en hefur ekki verið gert undanfarin ár, líklega ekki síðan 2011.

Bréf til nýrra félagsmanna með upplýsingum um hvað félagið er að gera fyrir fagið, hvað hefur áunnist á 40 árum. Einnig grunnupplýsingar eins og kostnaður, félagsfundir, lög og siðareglur, aðalfundur, uppbygging stjórnar o.s.frv. Einnig upplýsingar um Hönnunarmiðstöðina og HA.

Innra starf – virkni:

- Viljum við meiri faglega uppbyggingu, styðja við fræðina, rannsóknir, spútnik – væri hægt að gera það gegnum Hönnunarsjóð?
- DL (fagfélagið í Danmörku) hefur undanfarið lagt mikla áherslu á ofanvatnslausnir og aðkomu landslagsarkitekta á þeim. Þeir hafa markaðssett fagið markvisst í þeim málum. Ættum við að taka það til fyrirmyndar, t.d. málefnum ferðamannastaða?
- Halda opna félagsfundum - þar sem við fáum spennandi fyrirlesara. Þá myndu félagsmenn fá frítt inn en aðrir þyrftu að borga eitthvað
- Fagrað – t.d. fyrir Ferðamálastofu og Umhverfisstofnun
- Fleiri faghópar – líkt og Garðsöguhópur. Gæti verið t.d. í málefnum ferðamannastaða og aðgengi fyrir allar.

Rætt var um breytta félagsvitund. Ekki þykir jafn sjálfsagt að vera í félaginu og áður, né að starfa í þágu félagsins. Þessi breyting á líklega eftir að aukast. Hluti af því er að félagið er að stækka og hópur félagsmanna ekki jafn náinn og áður.

Siðareglur – rætt um að þær verða enn mikilvægari eftir því sem félagið verður stærra og tengsl félagsmanna minnkar innbyrðis. Minna þarf á siðareglurnar.

Hópur 2 – Áslaug Traustadóttir, Lilja Kristín Ólafsdóttir og Sif Hjaltdal Pálsdóttir

Hópurinn fékk tvö efni til umfjöllunar, KYNNINGARMÁL MENNTAMÁL

KYNNINGARMÁL

- Heimasíðan
- 40 ára afmæli
- Hver talar fyrir hönd Fíla útavið
- Ráðstefnur
- Bækur og blöð
- X land
- Facebook
- Háskóli

Hvað er hægt að gera til úrbóta?

- Heimasíðan. Mikilvægt að virkja hana betur og setja inn meira efni og uppfæra upplýsingar. Hugmynd kom upp að fá einstakling úr félaginu sem sinnir henni eingögu.
- Skipuð hefur verið nefnd sem er komin með drög að dagskrá fyrir afmælisárið. Ræddar voru hugmyndir í hópnum og hvernig starfsárið gæti komið okkur á framfæri. Hugmyndir komu upp með að gefa út afmælisrit sem kynningu á félaginu. Árshátíð í febrúar fyrir félagsmenn. Gera Hönnunarmars þetta árið hátt undir höfði og gera okkur vel sýnileg. Nýta apríl sem er okkar mánuður og koma okkur þar vel á framfæri með því að verða sýnilegri í fjölmiðlum, t.d. að fá viðtöl við stofnendur FÍLA og senda inn greinar og kynningarefni. Gaman væri að nýta allar þær hátíðir sem eru út um allt land til kynningar, setja upp sýningu á völdum hátíðum og þannig virkja félagsmenn út á landi til að taka þátt í kynningarstarfi. Fá erlenda fyrirlesara. Ráðstefna í ágúst hjá Samgus spurning með að taka þátt í henni. Annars er
- Oft kemur sú staða upp að félagið ætti að bregðast betur við þeim umfjöllunum sem koma fram í fjölmiðlum og í almennt umræðu. Við í hópnum erum sammála að formaður félagsins ætti að grípa oft tækifærið og segja skoðun félagsins, gæti verið að það koma ávallt skýrt fram að formaðurinn tali fyrir hönd félagsins svo hlutirnir séu ekki persónugerðir.
- Ráðstefnur. Fíla hefur undanfarin ár haldið ráðstefnur, sér og núna seinast með Arkitektafélaginu sem gekk vel. Gott væri að halda þessari vinnu áfram því það heldur okkur á tánum og kynnir félagið. Einnig er komin reynsla í að halda svona viðburði sem gott er að nýta áfram.
- Bækur og blöð. Rætt var um HA en það er sér mál að dagskrá svo við eyddum litlum tíma í það en veltum fyrir okkur að gaman væri að gefa út svona nokkurskonar ársrit landslagsarkitekta sem gefið væri út annað hvert eða þriðja hvert ár. Hægt væri að nýta það sem kynningarefni fyrir fagið útavið til sveitafélaga og viðskiptavina.
- X land. Gaman væri að virkja þetta betur og setja meira inn á síðuna. Þetta er miðlægur grunnur sem við eigum og synd að nýta þetta ekki betur en það þarf að vinna meira í þessu og koma inn fleiri verkum, uppfæra grunninn sem reyndar er mikil vinna en..... spurning. Hugmynd væri uppi að fá nemendur til að taka þetta að sér gegn greiðslu eða fá annan starfshóp innan félagsins að taka átak í því að gera þetta aftur sýninlegt.
- Facebook. Góður miðill til að vera sýnileg á og gott að virkja þetta bara endalaust vel. Bæði fyrir okkur sem erum inn í lokaða hópnum og svo endilega að setja inn á opnu síðuna allar tilkynningar um viðburði sem framundan eru hjá félaginu.
- Háskóli. Gott væri að ýta vel við þeim kennum sem eru í félaginu að nýta sér þá sérstöðu að tala faglega og málefnalega um fagið útavið.

MENNTAMÁL

- Símenntun – endurmenntun
- Erlend samvinna
- Háskóli
- Menntanefnd - Umhverfisfræðingur, Umhverfisfræði ??
- Ný menntun, Borgarfræði ...

Hvað er hægt að gera til úrbóta?

- Símentun - endurmentun. Hugmyndir fóru á flug um hvað sé eignlega í boði þar fyrir félagsmenn? Við vorum sammála að þó nokku að námskeiðum sé í boði hjá háskólunum en það þarf að nýta sér það betur. Lítið mál er að biðja háskólana að halda sérstök námskeið ef vilji er fyrir því, það þarf í raun ekki annað en að koma fram með hugmyndir og skólarnir vinna úr því. Gott væri að hrinda því því í framkæmd. Upp kom hugmynd að hafa námskeið í t.d. í tölum, plöntum, grasi, timbur, stál eitthvað mjög sérhæft sem hentar okkur.
- Elend samvinna. Þennan möguleika ætti að skoða og athuga með möguleikana sem eru til endurmenntunar erlendis fyrir landslagsarkitekta. Koma á tengslum og jafnvel vinnuhópum. Skoða hvað önnur félög eru að gera í sínum málum t.d. taka norðurlöndin og skoða hvernig endurmentun sé í boði hjá þeim
- Háskóli. Bs.C. nám í boði á Íslandi en ekki samþykkt nám sem grunnur í landslagsarkitektúr. Skoða og athuga vilja Landbúnaðarháskóla Íslands er í þeim efnum. Einnig kom upp sú spurning hvar væri hægt að nálgast lista yfir viðurkenda skóla sem gott væri að hafa fyrir stjórn FÍLA til að geta leiðbeint nemendum hvert skal halda í nám.
- Menntanefnd. Er tengiliður í skólana, gaman væri að nýta hana meira og skoða möguleikana sem eru á Íslandi sem tengjast Landslagsarkitektúr. Hí, LBHÍ, LÍ HR.... og fleiri skóla. Umhverfisfræðingur – umhverfissfræði, hvað er það? Þetta fag skaut upp kollinum í umræðunni og fannst okkur það áhugavert að til væri fag sem fáir kannski vita um en tengist okkar fagi að miklu leiti og gaman væri að skoða möguleika á því að þar séu t.d. kúrsar sem gaman væri að taka í endurmenntun.
- Ný menntun. Borgarfræði er ein af þeim menntunum sem er frekar ný af nálinni og eru því um nýtt fag sem kannski er erfitt að skilgeina hvar hún á heima og innan hvers hóps hún tilheyrir. Þessi hópur hefur verið samþykktur inn í AÍ en við ekki samþykkt þá aðila er það rétt eða erum við að skilgreina okkur of þröngt? Kannski væri gott að menntanefnd tæki þetta upp og skoði möguleika á meir opnun eða ekki.

Hópur 3 – Hermann Georg Gunnlaugsson, Svava Þorleifsdóttir og Jóhann Sindri Pétursson

Hópurinn fékk tvö efni til umfjöllunar, REKSTUR FÍLA OG SAMEINING VIÐ ÖNNUR FÉLÖG

Rekstur FÍLA

- Tekjuöflun
- Starfsmaður
- Stjórn
- Fjárhagsáætlanir

Hvað er hægt að gera til úrbóta?

Auka tekjur gætu verið í formi hærri félagsgjalda, Árbókar, auglýsinga á heimasíðu og styrkja. Hugmyndir um starfsmann í 20% starfi voru ræddar. Starfskraftur gæti séð um stóran hluta þeirrar vinnu sem leggst á formann og aðra stjórnarmenn FÍLA. Eins og staðan er í dag þá færi stór hluti félagsgjalda alfarið í að greiða

laun til starfsmanns og því er sá möguleiki ekki raunhæfur nema að ráðist yrði í að auka tekjur félagsins. Annar möguleiki er að gera samning við Hönnunarmiðstöð sem fæli í sér að nánast helmingur félagsgjalda færi í að borga fyrir þessa vinnu þar. Hönnunarmiðstöð vill að félögin gangi inn í miðstöðina og vill gera nýja samninga við hvert og eitt félag. Einnig var ræddur þann möguleiki á að greiða fyrir stjórnarsetu í stað þess að borga starfsmanni.

Stjórn FÍLA ætti að vera skipuð í 2-3 ár í senn og við stjórnarskipti þyrfti stjórn að skarast svo hún verði ekki alfarið skipuð nýjum aðilum. Við það myndi ákveðin festa og samfella myndast.

Fjárhagsáætlanir fram í tíman myndu tryggja betra skipulag

Sameining við önnur félög

- Kostir/gallar
- Markmið
- Jafnréttis grundvöllur
- Fagfélag vs stéttafélag
-

Sameining við Arkitektafélag Íslands hefur oft verið rædd en án þess að endanleg niðurstaða hafi verið tekin. Bæði félögin hafa verið jákvæð gagnvart sameiningu. Kostir sameiningar við AÍ eru margir. Sameining myndi skila betri samvinnu milli félagsmanna og hagsmunaárekstrar félaganna yrðu minni. Samkeppnismál hafa verið umdeild, marg oft hefur verið horft fram hjá landslagsarkitektum þegar skipuleggja og halda á samkeppnir sem tengjast faginu. Með sameiningu þá er líklegt að aðkoma landslagsarkitekta að samkeppnum yrði sýnilegri og þeirra þáttaka muni hafa meira vægi heldur en áður.

Það sem flestir félagsmenn FÍLA óttast varðandi sameiningu við AÍ er það að félagsmenn verði ekki nógu sýnilegir og smátt og smátt týnast innan félagsins. Með sameiningu yrðu félagsmenn FÍLA aðeins 20% af heildinni. Það er því lykilatriði að ef farið verði í sameiningu þarf það að vera gert út frá jafnréttisgrundvelli, skipa þyrfti nýja stjórn þar sem félagsmenn beggja félaga tækju sæti.

Rætt var um að besta leiðin til sameiningar væri að útbúa nokkurnskonar regnhlífarsamtök þar sem FÍLA, AÍ og jafnvel FHÍ gætu starfað undir. Félögin myndu halda áfram að starfa sjálfstætt en stuðla að og styrkja samvinnu á allan hátt. Það má segja að Hönnunarmiðstöð Íslands séu nokkurnskonar regnhlífarsamtök. Hönnunarmiðstöðin vill að öll félögin gangi inn í miðstöðina svo hægt sé að bæta þjónustuna við félögin umtalsvert.

Hópur 4 – Reynir Vilhjálmsson, Aðalheiður E. Kristjánsdóttir, Þráinn Hauksson og Svanhildur Gunnlaugsdóttir.

Hópurinn fékk tvö efni til umfjöllunar, Réttindastöðu landslagsarkitekta og Hönnunarmiðstöð

RÉTTINDASTAÐA LANDSLAGSARKITEKTA

sérupprættir, tryggingamál ofl. Ýmis vandamál hafa komið upp á undanförunum árum varðandi sérupprætti landslagsarkitekta. Vandamálin má hugsanlega rekja til regluverks (mannvirkjalög og byggingarreglugerð), almennra vinnureglna hjá sveitarfélögum og skorts á upplýsingum meðal félagsmanna FÍLA. Eftirfarandi eru dæmi um tilvik:

- Lóð kemur eingöngu fyrir á aðaluppdrætti (sem er á ábyrgð aðalhönnuðar) og ekki er sendur út séruppdráttur af lóð með byggingarnefndarteikningum.
- Aðaluppdráttur er oft sendur inn áður en kemur að sjálfri hönnun lóðarinnar og eru séruppdrættir lóðar því ekki alltaf í samræmi við aðaluppdrátt. Sjaldan er farin sú leið að breyta aðaluppdrætti, en hann er þó oft eini uppdrátturinn sem er stimplaður af byggingarfulltrúa (og þar með í gildi varðandi starfsábyrgðartryggingu og dómsmál)
- Þegar kemur til viðbótarverks síðar í lífi lóðar (löngu búið að byggja byggingu en lóð í sífelldri endurnýjun) þurfa landslagsarkitektar að elta uppi aðalhönnuð til þess að kvitta upp á sína séruppdrætti.
- Til eru séruppdrættir af lóð, en þeir eru ekki endilega stimplaðir af byggingarfulltrúa og því ekki tækir í tryggingamálum.
- Starfsábyrgðartrygging er bundin kennitölu einstaklings, ekki fyrirtækis, sem þýðir að arkitektar og landslagsarkitektar geta aldrei sest í helgan stein!
- Mismunandi eftir sveitarfélögum hvort gerð er krafa um sérteikningar af lóð og aðkomu landslagsarkitekta að lóðarhönnun, hvort sem um er að ræða lóðir fyrir opinbera starfsemi (skólar, leikskólar, stofnanir, íþróttamannvirki) eða almennar lóðir t.d. fjölbýlishúsalóðir.

Hvað er hægt að gera til úrbóta?

- FÍLA gefi út leiðbeiningar og áherslur varðandi þessi mál, fyrir sína félagsmenn. Þar komi fram hvernig best sé að leggja inn séruppdrætti til stimplunar, áherslur varðandi ábyrgðartryggingu ofl.
- SAMARK (samtök arkitektastofa) er aðili að SI (samtökum iðnaðarins). Innan SAMARK eru landslagsarkitektastofur, en FÍLA er ekki beinn aðili að samtökunum. Innan samtakanna væri þó hægt að beita sér fyrir því að þau þrýsti á embætti byggingarfulltrúa á öllu landinu um að koma á sameiginlegum praksís varðandi afagreiðslu á séruppdráttum. Það gæti t.d. verið að sveitarfélög geri kröfu um að landslagsarkitektar hanni lóðir allra opinberra mannvirkja og sendi þar með inn séruppdrætti af lóð.
- FÍLA beiti sér fyrir breytingum á mannvirkjalögum, þannig að þau skýri betur stöðu lóðar og lóðarhönnunar í byggingarleyfisferli.
- FÍLA og SAMARK kanni betur tryggingamál, bæði rétt og skyldur.

Fram kom athugasemd meðal fundargesta um að barátta FÍLA fyrir réttindum sínum hafi verið löng og ströng og enn sé ákveðin fyrirstaða innan kerfisins (Umhverfisráðuneytis), þegar kemur að réttindum landslagsarkitekta. Ef svo er, þurfa félagsmenn FÍLA í sameiningu að fjarlægja þessa fyrirstöðu og er það sjálfsagt gert með góðu tengslaneti, faglegum vinnubrögðum og sýnileika úti í þjóðfélaginu.

HÖNNUNARMÍÐSTÖÐ.

Hópurinn var ekki mjög vel að sér í þeim málaflokki, en Þráinn situr í úthlutunarnefnd fyrir Hönnunarsjóð og var því inni í þeim þætti rekstursins. FÍLA á hlut í Hönnunarmiðstöð ásamt átta öðrum aðildarfélögum og er með fundaraðstöðu sína í húsakynnum miðstöðvarinnar. Hin aðildarfélögin eru: Fata-/textílhönnun, grafísk hönnun, iðn-/vörühönnun, innanhúsarkitektúr, keramik, skartgripahönnun, skjáhönnun og arkitektúr. Helstu spurningar sem brunnu á okkur voru eftirfarandi?

- Eigum við samleið með Hönnunarmiðstöðinni og þar með hinum aðildarfélögum, t.d. skartgripahönnuðum?
- Er Hönnunarmiðstöðin að þjóna okkur á einhvern hátt?
- Er raunhæft að Hönnunarmiðstöð geti þjónað svona breiðum hópi?
- Hvernig gæti hún þjónað landslagsarkitektum betur?

- Hvaða væntingar höfum við til Hönnunarmiðstöðvar?

Hvað er hægt að gera til úrbóta:

- Fá framkvæmdastjóra Hönnunarmiðstöðvar, Halldóru Vífilsdóttur, á almennan félagsfund FÍLA, til þess að kynna starfsemina. Um leið myndi hún kynna *filum*.
- Hvetja almenna félagsmenn FÍLA til þess að sækja um styrki í Hönnunarsjóð (útgáfur, úttektir og þess háttar verkefni), einnig ferðastyrki.
- Virkja Hönnunarmiðstöð og fá þá til samstarfs á afmælisári FÍLA.
- Koma á virku samtali milli stjórnar FÍLA og Hönnunarmiðstöðvar um væntingar og þarfir.
- Hönnunarmars fyrir FÍLA, hvernig komum við okkur sem best á framfæri á þeim vettvangi, finna leiðir. Fá starfsfólk á vegum Hönnunarmiðstöðvar sem sýningarstjóra á afmælisári.
- Framkvæmdastjóri Hönnunarmiðstöðvar verði talsmaður ALLRAR, hönnunar, ekki bara fata/skartgripa, og geri þannig fagið landslagsarkitektúr sýnilegra. Það er okkur í hag að hugtakið hönnun verði almennra og ýmis hugtök geta átt við í umræðu um alla hönnun.
- Hönnunarmiðstöð breiði út fagnaðarerið innanlands sem utan og þannig gagnist það öllum aðildarfélagunum.
- Fá forsvarsmenn Hönnunarmiðstöðvar til þess að nefna oftast orðið landslagsarkitektúr, í háttíðarræðum!!



XII. HEIÐURSFÉLAGI FÍLA 2018

Stjórn Félags íslenskra landslagsarkitekta, FÍLA, mun leggja það til á aðalfundi félagsins 17. apríl 2018 að Auður Sveinsdóttir verði gerð að heiðursfélagi félagsins. Það er einróma skoðun stjórnar að það sé tímabært að heiðra Auði fyrir hennar framlag til fagsins og félagsins.

Tillaga borin fram skv. 5. gr. félagslaga.

“5.gr. Heiðursfélagar geta þeir orðið sem stuðlað hafa að framgangi og þróun landslagsarkitektúrs eða unnið ötullaga fyrir félagið og stjórn þess mælir með. Boð um slíka aðild verður að hljóta samþykki minnst 3/4 hluta atkvæða aðalfundar. Fram skal fara skrifleg atkvæðagreiðsla. Heiðursfélagi hefur sömu réttindi og hver annar fullgildur félagi.”

Á aðalfundi Félags íslenskra landslagsarkitekta, FÍLA, þ. 17. Apríl 2018 er borin fram tillaga um að Auður Sveinsdóttir verði gerð að heiðursfélagi í Félagi íslenskra landslagsarkitekta.

Stutt greinargerð með tillögu:

Auður Sveinsdóttir er einn af fimm stofnfélögum Félags ísl. landslagsarkitekta, en með stofnun félagsins má segja að lagður hafi verið grunnur að „tilverurétti“ landslagsarkitekta. Frá upphafi hefur Auður unnið af dugnaði og metnaði að því að auka veg og virðingu félagsins og víða rutt braut í faglegri nálgun. Hún var formaður þess á árunum 1983-1985.

Auður er fyrst ísl. kvenna til að bera heitið landslagsarkitekt og líkt og nafna hennar Djúpuðga hvorki verið hrædd við að nema nýjar lendur né smeyk við að takast á við verkefni sem henni hefur fundist mikilvægt að sinna. Var hún til að mynda ötul í undirbúningi fornáms í landslagsarkitektúr á Hvanneyri í kringum síðustu aldamót og starfaði þar síðan; fyrst sem lektor og seinna sem dósent á umhverfisbraut.

Auður lauk fimm ára námi sem landslagsarkitekt frá Norges Landbrugshøgskole á Ási í Noregi sumarið 1973. Frá fyrstu tíð beitti Auður sér fyrir mikilvægi þess að skýra grunnþarfir barna og mikilvægi að góðum undirbúningi við gerð leiksvæða og að ekki mætti undanskilja slík svæði í borgarumhverfinu.

Á áttunda áratugnum sinnti Auður m.a. kennslu á Garðyrkjuskóla ríkisins og gaf út mikilvægt kennsluefni á sviði skrudgarðyrkju sem nýst hefur um áratugaskeið. Hún hefur átt frumkvæði að mörgum málum, setið í ótal nefndum og staðið að undirbúningi ráðstefna, þar sem lögð var áhersla á fagið og þátttöku landslagsarkitekta. Þá hefur hún verið virk í norrænu samstarfi og kynnt félagið og íslenskan landslagsarkitektúr á þeim vettvangi.

Náttúruvæðing hefur verið ríkur þáttur í huga Auðar og stafaði hún í nær áratug sem formaður Landverndar í lok síðustu aldar (1990 - 1997), þar sem hún barðist fyrir fjölmörgum málefnum þess tíma t.d. „að álver yrðu ekki reist og hætt yrðir við öll slík áform“.

Á árunum 1992-94 sat Auður nokkur skipti á Alþingi sem varþingmaður Reykvíkinga f. Alpýðubandagið, þar sem hún og beitti sér m.a. fyrir aukinni náttúrufræðikennslu í grunnskólum landsins.

Árið 2009 var Auður valin í faghóp I um Rammaáætlun en verkefnið var að meta náttúru- og menningarminjar á mögulegum orkunýtingarsvæðum og forgangsraða svæðum eftir verð-mætum og áhrifum þeirra.

Á síðustu árum hefur Auður látið sér sérstaklega umhugað um greiningu landslags; þ.e.a.s mögulegum aðferðum sem nýta má sem verkfæri til að draga fram sérkenni staða og efla staðarvitund til styrktar atvinnu- og byggðapróun.

Á þeim hartnær 45 árum síðan Auður lauk námi, hefur hún sinnt umfangsmiklum og fjölbættum störfum sem landslagsarkitekt; innan hefðbundins teiknisstofureksturs; sem varþingmaður; sem formaður - og

stjórnarmaður - ýmissa félagssamtaka; sem dómnefndarmaður; sem fyrirlesari; sem pistla-og ritstjóri; sem náttúruverndar – og umhverfissinni, en ekki síst sem kennari og leiðbeinandi við Garðyrkjukóla ríkisins og Landbúnaðarháskóla Íslands.

Það er því við hæfi - á þessu 40 ára afmælisári Félag ísl landslagsarkitekta - að gera Auði Sveinsdóttur að heiðurfélaga. Án þeirra fræknu fimm, sem ruddu brautina 1978 væri saga félagsins önnur - og öllu rýrari.